

i nostri due Governi che entrerà in vigore alla data della Nota di Vostra Eccellenza.

Voglia gradire, Signor Ambasciatore, i sensi della mia più alta considerazione.

M. Rumor.

S.E. Agnar Klemens Jonsson
Ambasciatore d'Islanda presso
il Governo italiano
OSLO

an agreement between our two Governments which shall come into force as from the date of Your Excellency's Note.

Please accept, Mister Ambassador, the expression of my highest consideration.

M. Rumor.

H.E. Agnar Klemens Jónsson,
Ambassador of Iceland to Italy,
Oslo.

II.

SENDIRÁÐ ÍSLANDS, OSLO.

Oslo, February 6, 1976.

Mister Minister,

I have the honour to acknowledge receipt of Your Excellency's Note of January 30, 1976 which reads as follows in English translation:

[Sjá texta orðsendingarinnar hér næst á undan].

I have the honour to confirm that the provisions set forth in the said Note are acceptable to the Government of Iceland and that I agree with the proposal that Your Excellency's Note and this reply constitute an agreement between the Governments of Iceland and Italy on this subject, the agreement to enter into force on the date of this Note.

I avail myself of this occasion to renew to you, Mister Minister, the assurances of my highest consideration.

Agnar Kl. Jónsson.

H.E. Mr. Mariano Rumor,
Minister of Foreign Affairs,
Rome.

AUGLÝSING

um samninga og yfirlýsingar Íslands, er varða vegabréfsáritanir fyrir ferðamenn.

1. Gagnkvæmt afnám vegabréfa: Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð.
2. Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana miðað við 2—3 mánaða dvöl: Austurríki, Bahama, Barbados, Belgía, Botswana, Brasilía, Bretland (þ. á m. eftirtaldar breskar nýlendur og landsvæði: Hong Kong, Bermúda-eyjar, Turks- og Caicos-eyjar, Cayman-eyjar, Leeward-eyjar (Antigua, St. Kitts-Nevis, Anguilla, Montserrat og Virgin-eyjar), Windward-eyjar (Dominica, St. Lucia og St. Vincent-eyjar), Belize, St. Helena, Falklandseyjar, Vestur-Kýrrahafseyjar (Gilbert- og Ellice-eyjar og Bresku Soloman-eyjar), Brunei, Seychelles-eyjar, Gibraltar og New Hebrides), Búlgaría, Chile, Fíj, Filippseyjar, Frakkland, Gambía, Grenada,

Grikkland, Guyana, Holland, Indland, Írland, Ísrael, Ítalía, Jamaica, Japan, Júgóslavía, Kanada, Kórea, Kýpur, Lesótó, Liechtenstein, Luxemborg, Malasía, Malawi, Malta, Márítíus, Marokkó, Mónakó, Nýja Sjáland, Pakistan, Portúgal, Rúmenía, San Marínó, Singapore, Spánn, Svasíland, Sviss, Tansanía, Trinidad og Tobago, Túnis, Tyrkland, Sambandslýðveldið Þýskaland.

3. Gagnkvæmur samningur um afnám vegabréfsáritana var gerður við Mexíkó 21. des. 1965. Þess ber þó vel að gæta, að mexíkönsk stjórnvöld krefjast þess, að íslendingar afli sér ferðamannaskilríkja hjá mexíkönsku sendiráði eða ræðis-skrifstofu fyrir komu sína til Mexíkó.
4. Samkomulag um vegabréfsáritanir var gert við Ástralíu 29. apríl 1969. Aðalefni þessa samkomulags er, að íslenskir ríkisborgarar með gild íslensk vegabréf, sem óska eftir að fara til Ástralíu, hvort sem er til tímabundinnar eða varan-legrar dvalar, skuli, þegar þeim hefur verið veitt heimild til að komast inn í landið, fá ókeypis vegabréfsáritun hjá þeim stjórnvöldum, sem eru bær að veita vegabréfsáritanir. Slíkar áritanir í vegabréf íslenskra ríkisborgara, sem ferðast til Ástralíu í öðrum tilgangi en þeim að setjast þar að, verða gefnar út til 12 mánaða og gilda fyrir ótiltekinn fjölda ferða innan þeirra tímamarka.
Ástralskir ríkisborgarar með gild áströlsk vegabréf eru undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín til allt að 3 mánaða dvalar á Íslandi, enda sé það ekki tilgangur þeirra að setjast þar að.
5. Samkvæmt auglýsingu frá 14. mars 1962 eru bandarískir ríkisborgarar undan-þegnir þeirri skyldu að fá áritun á vegabréf sín. Undanþágan gildir eingöngu um ferðamenn og veitir rétt til allt að þriggja mánaða dvalar hverju sinni, en veitir hins vegar ekki rétt til að stunda atvinnu á Íslandi.
6. Samkvæmt auglýsingu frá 9. febr. 1961 viðurkennir Ísland þargreind bresk ferðamannaskilríki til allt að 3 mánaða dvalar á Íslandi.
7. Samkvæmt auglýsingu frá 26. febr. 1971 eru borgarar Páfaríkis, sem eru hand-hafar vegabréfa, útgefinna af Páfaríkinu, undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín.
8. Samkvæmt auglýsingu frá 26. febr. 1971 eru starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, er ferðast til Íslands og eru handhafar ferðabréfa (laissez-passer) S.þ. undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín, þegar þeir eru á ferðalögum í þágu framangreindra stofnana, enda framvísi þeir jafnframt ferðabréfi yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá, um það, að þeir séu að reka erindi Sameinuðu þjóðanna eða viðkomandi stofnunar.
9. Ísland er aðili að samningi Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn, en 13 aðildarríki Evrópuráðsins hafa nú fullgilt þann samning.
10. Ísland er aðili að Evrópusamningi um ferðalög æskufólks á sameiginlegu vega-bréfi, sem 14 aðildarríki Evrópuráðsins hafa nú fullgilt.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 6 30. apríl 1974 um samninga og yfirlýsingar Íslands, er varða vegabréfsáritanir fyrir ferðamenn.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.